

11. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar um söluskatt af sölu og annarri veltu fer samkvæmt lögum nr. 6/1935, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 70/1947, um verðlagseftirlit o. fl.

146

13. júlí

12. gr.

Verð vöru og þjónustu má hækka sem söluskatti nemur, en óheimilt er að hækka álagningu verzlana og fyrirtækja hans vegna.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 100/1948, um dýrtiðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, sbr. lög nr. 116/1949, lög nr. 18/1950 og lög nr. 24/1950, um framlengingu á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. júlí 1950.

Eysteinn Jónsson.

Kjartan Ragnars.

BRÁÐABIRGÐAGJALDSKRÁ

147

13. júlí

fyrir Rafveitu Búðakauptúns.

1. gr.

Rafveita Búðakauptúns selur raforku til ljósa á kr. 1.30 hverja kwst. og til suðu á kr. 0.30 hverja kwst. Að öðru leyti fer um gjöld fyrir selda raforku samkvæmt ákvæðum gildandi gjaldskrár.

2. gr.

Gjaldskrá rafveitunnar, nr. 86 16. október 1929, ásamt síðari breytingum, skal endurskoða fyrir 1. janúar 1951 og leita staðfestingar ráðuneytisins á ný.

Bráðabirgðagjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 13. júlí 1950.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.